



489. fundur stjórnar SASS

**haldinn að Austurvegi 56 Selfossi
föstudaginn 16. janúar 2015, kl. 12.00**

Mætt: Gunnar Þorgeirsson formaður, Anna Björg Nielsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Elín Einarsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Páll Marvin Jónsson. Sæmundur Helgason tengdist fundinum með fjarfundabúnaði. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð síðasta fundar.**
Samþykkt og undirrituð.
- 2. Ráðning framkvæmdastjóra og prókúra.**
Formaður bauð nýráðinn framkvæmdastjóra velkominn til starfa. Gengið hefur verið frá ráðningasamningi og var hann lagður fram til kynningar. BG hóf störf 2. janúar sl. Á fundinum voru lögð fram gögn til undirritunar sem veittu BG prókúru fyrir samtökin auk þess undirritaði stjórnin gögn sem veita gjaldkera umboð til umsýslu bankareikninga og bókara skoðunaraðganga að bankareikningum.
- 3. Brothættar byggðir. Atvinnufulltrúi í Skaftárhreppi.**
BG sagði frá stöðu verkefnisins og umræðum frá síðasta fundi. Byggðastofnun býðst til að greiða 7,5 millj. árlega í þrjú ár til að ráða sérstakan verkefnisstjóra, sem staðsettur yrði á Kirkjubæjarklaustri. Starfsmaðurinn yrði ráðinn sem verkefnastjóri hjá SASS, með starfsstöð á Kirkjubæjarklaustri. Stjórn SASS samþykkti verkefnið gefið að samningar náist við Byggðastofnun og Skaftárhrepp.
- 4. Atvinnuþróun 2015 – framlag.**
Stjórn Byggðastofnunar samþykkti í lok síðasta árs skiptingu á fjármagni til atvinnuþróunar fyrir árið 2015. Í hlut Suðurlands koma kr. 24.874.286.- Framlagið árið 2014 var kr. 24.027.874.- þannig að það hefur hækkað um 3,5% á milli ára.
- 5. Strætó, tölfræði og uppgjör fyrir árið 2014.**
Tekjur jukust um tæplega 13% á milli ára. Beðið er uppgjors Strætó á fjölda seldra farmiða árið 2014 og hvernig þeir skiptust á mismunandi akstursleiðum.

Rætt var um möguleika á að fá sem fyrst akstursáætlun Strætó fyrir næsta ár og að þjónustkönnun verði framkvæmd í samráði við Strætó. Framkvæmdastjóra falið að kanna þetta nánar.

6. Sóknaráætlun 2015-2019; Staða mála.

Enn er verið að fara yfir drög að úthlutunarreglum til landshlutasamtakanna og er vonast til að niðurstöða liggi fyrir í byrjun febrúar.

7. Málefni Markaðsstofu Suðurlands.

Stjórnarfundur var haldinn föstudaginn 9. janúar sl. og formaður kynnti niðurstöðu fundarins. Lagt var til að Gunnar Þorgeirsson og Þórður Sigurðsson verði fulltrúar SASS í stjórn Markaðsstofunnar og að Bjarni Guðmundsson verði varamaður beggja og var það samþykkt. Nokkur umræða var um breytta gjaldtöku og úthlutun fjármuna til rekstursins. Einnig var rætt um aðkomu sveitarfélaganna að rekstrinum og hvert sé hlutverk hvers og eins.

Formanni og framkvæmdastjóra var falið að fara betur yfir þessi mál og einnig að kanna hvort ekki sé hægt að auka samvinnu milli landshlutasamtakanna með að markmiðið að straumlínulaga verklagið.

8. Starfsáætlun stjórnar.

Drög að starfsáætlun stjórnar lögð fram til kynningar og umræðu. Drög að næstu fundum var lögð fram og samþykkt sbr. drög í viðhengi.

9. Menntaverðlaun – breyting á fulltrúa og staðfesting stjórnar.

Staðfest var breyting á skipan aðila í samstarfshóp um úthlutun Menntaverðlauna Suðurlands 2014 en Magnús H. Jóhannsson var skipaður í stað Sigurðar Sigursveinssonar sem hætti að eigin ósk þar sem hann tengist verkefni sem tilnefnt var.

Niðurstöða starfshópsins um Menntaverðlauna Suðurlands 2014 var lögð fram og staðfest. Verðlaunin verða afhent 29. janúar nk. kl. 17:00 og verður hátíðarfundurinn haldinn hjá FSu. Stjórnin þakkaði samstarfshópnum fyrir vel unnin störf.

10. Lok á Skólaskrifstofu – endurskoðun og frágangur.

Gert er ráð fyrir endanlegu uppgjöri og slitum á Skólaskrifstofunni fyrir næstu mánaðarmót.

11. N4 verkefni. Staða mála.

N4 hefur gert samning við Margréti Blöndal og Sighvat Jónsson dagskrárgerðamenn um gerð þáttanna „Að sunnan“. Þau hafa þegar hafið gerð fyrsta þáttar og verður hann frumsýndur á N4 þann 21. janúar kl. 18:30 og hann verður síðan endursýndur á klst. fresti í sólarhring.

12. Önnur mál til kynningar.**a) Landskipulagsstefna 2015-2026, kynningarfundur 28. janúar.**

Lagt fram til upplýsingar og kynningar (sjá meðfylgjandi gögn).

b) Kerfisáætlun Landsnets 2015-2024, skilafrestur 30. janúar nk.

Lagt fram til upplýsingar og kynningar (sjá meðfylgjandi gögn).

c) Stefna umhverfisráðuneytisins um úrgangsförvarnir, skilaf. 23. janúar nk.

Lagt fram til upplýsingar og kynningar (sjá meðfylgjandi gögn).

d) Starfamessa á Suðurlandi 2015, 19. mars nk. fundur með Atorku 21. jan.

Lagt fram til upplýsingar og kynningar (sjá meðfylgjandi gögn).

e) Leyndardómar Suðurlands 2015

Skoðist nánar fyrir næsta fund.

f) Kynning á ferðaþjónustufyrirtækjum í Árborg

Vísast í formlegan farveg.

g) Stöðugreining á hjúkrunarrýmum á Suðurlandi

Unnur fór yfir stöðu málsins en gert er ráð fyrir að áfangaskýrslan verði tilbúin fljótlega.

Fundi slitið kl. 14:45

Gunnar Þorgeirsson
Anna Björg Níelsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson
Elín Einarsdóttir
Sæmundur Helgason
Ágúst Sigurðsson,
Páll Marvin Jónsson
Bjarni Guðmundsson